

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 - 2015, Arnarstapi og Hellnar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. mars 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 frá 8. júlí 1997.

Breytingin tekur til Arnarstapa og Hellna og svæðis sem afmarkast af strönd til austurs og suðurs, af landamerkjum Skjaldartraðar og Miðvalla að vestan og Útnesvegi og Bolla-hrauni að norðan. Breytingin felst í því að þéttbýlissvæði er afmarkað í mkv. 1:50.000 og stefna um landnotkun er mörkuð fyrir það svæði á uppdrætti í mkv. 1:10.000 og í greinargerð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Snæfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Arnarstapa 1991-2011 frá 2. desember 1992.

Umhverfisráðuneytinu, 19. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.